



SKÝRSLA STJÓRNAR 2023

Landssambands hestamannafélaga

Formannafundur 2023

Efnisyfirlit

Stjórn LH.....	3
Starfsmenn.....	4
Nefndir LH.....	4
Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands.....	5
FEIF samstarf.....	6
Samstarf Norðurlandanna.....	6
Youth Camp 2023.....	6
Félagi ársins.....	7
Reiðkennari ársins 2022.....	7
Reiðvegamálf.....	8
Landsmót hestamanna ehf. og Landsmót 2024.....	9
Skógarhólar.....	9
Sportfengur og Sportabler.....	9
Mótahald og keppnismál.....	10
Íslandsmót.....	11
Uppskeruhátíð hestamanna.....	12
Útbreiðslu- og kynningarmál.....	12
Öryggismál.....	13
Afreksmál.....	13
Nýtt regluverk LH.....	16
Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða.....	16
Agamál og lögfræðikostnaður.....	16
Lokaorð.....	16

Stjórn LH

Aðalstjórn LH 2022-2024

Formaður: Guðni Halldórsson

Varaformaður: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Gjaldkeri: Ólafur Gunnarsson

Ritari: Hákon Hákonarson

Meðstjórnendur:

Edda Rún Ragnarsdóttir

Sóley Margeirsdóttir

Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Varastjórn LH 2020-2022

Birna Tryggvadóttir

Gróa Björg Baldvinsdóttir

Randi Holaker

Sveinn Heiðar Jóhannesson

Valdimar Magnús Ólafsson

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 15 stjórnarfundir. Haldin var vinnuhelgi stjórnar, 13.-15. janúar 2023, á Hótel Hamar í Borgarfirði.



Starfsmenn



Starfsmenn LH eru þrír í samtals 220% starfshlutfalli. Þær breytingar urðu í apríl að Aníta Aradóttir verkefnastjóri lét af störfum og í sama mánuði var Jónína Sif Eyþórsdóttir ráðin í starf útbreiðslu og kynningarmála. Aðrir starfsmenn eru sem fyrr Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri og Hinrik Sigurðsson afreks- og mótastjóri.



Þjálfarar LH eru ráðnir sem verktakar á föstum greiðslum. Sigurbjörn Bárðarson er A-landsliðsþjálfari, Hekla Katharína Kristinsdóttir er U21-landsliðsþjálfari og Sigvaldi Lárus Guðmundsson er yfirþjálfari hæfileikamótunar.


Einnig er Guðni Halldórsson formaður LH verktaki á föstum greiðslum í samræmi við samþykkt Landsþings 2022.

Nefndir LH

Fastanefndir LH eru 10 talsins, það eru aganefnd, keppnisnefnd, laganefnd, landsliðsnefnd, mannvirkjanefnd, menntanefnd, reiðveganefnd, tölvunefnd, æskulýðsnefnd og dómarnefnd. Skýrslur nefnda má finna á vef LH undir gögnum formannafundar.

Aðrar nefndir og starfshópar eru: *öryggisnefnd, starfshópur um útbreiðslumál, starfshópur um reglur um gæðingalist, faghópur um gæðingalist, starfshópur ráðuneytis um aðgengi að hestaþróttum, starfshópur um útbreiðslu gæðingakeppni og starfshópur um sáttamála um velferð íslenska hestsins.*

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands



LH er fjórða stærsta sársamband innan ÍSÍ árið 2022, með um 12.500 iðkendur. Konur eru um 53% iðkenda og karlar um 47%. Um 30% iðkenda eru undir 18 ára aldri.

Íþróttaping ÍSÍ er haldið á tveggja ára fresti að vori til og formannafundur ÍSÍ er haldinn á hverju hausti.

Skrifstofa LH er í húsnæði ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Eins og önnur sársambönd þiggur LH ýmiskonar styrki og framlög í gegnum ÍSÍ:

a. Lottótekjur

Íslensk getspá hefur skilað eigendum sínum, íþróttahreyfingunni, hækkanði tekjum undanfarin ár. Tekjur LH vegna lottósölu á þessu ári er um 1.350.000 kr. á mánuði að meðaltali.

b. Útbreiðslustyrkur

Á hverju ári er greiddur útbreiðslustyrkur sem er um 17% hluti af lottógreiðslum til ÍSÍ frá Íslenskri getspá sem skiptist milli sársambanda og íþróttahéraða. Í upphafi árs var áætlaður útbreiðslustyrkur til LH 2023 um 3.700.000 kr., en sú tala er endurskoðuð í lok árs.

c. Ríkisstyrkur til reksturs skrifstofu

ÍSÍ úthlutar sársamböndum ríkisstyrk til reksturs skrifstofu. Á árinu 2023 er ríkisstyrkur LH 3.500.000 kr.

d. Afrekssjóður

Afrekssjóður úthlutar styrkjum í samræmi við afreksverkefni sem liggja fyrir hjá hverju sársambandi.

Við úthlutun styrkja hjá Afrekssjóði vegur þyngst þátttaka í stórum alþjóðlegum mótum, eins og Ólympíuleikum, HM og EM, ásamt umfangi afreksstarfsins hjá sársamböndum. Afrekssjóður metur einnig sársambönd eftir útbreiðslu íþróttarinnar og þannig fá íþróttir sem stundaðar eru í mörgum löndum og fjöldi þjóða tekur þátt á stórmótum meira vægi en aðrar. Þátttaka á stórmótum þar sem þátttakendur vinna sér inn þátttökurétt vegur þyngra en þátttaka í stórmótum þar sem öllum er frjálst þátttaka. Verið er að vinna að breyttu fyrirkomulagi afreksmála innan ráðuneytis og ÍSÍ. Meðal annars eru hugmyndir

um að samfélagslegt mikilvægi íþróttá á Íslandi fái vægi innan ramma afrekssjóðs, sem kæmi hestaíþróttum afar vel.

Styrkur afrekssjóðs til LH fyrir árið 2023 er 12.450.000 kr.

FEIF samstarf



FEIF-þing var haldið í byrjun febrúar í Stokkhólmi. Fulltrúar LH á þinginu voru Guðni Halldórsson formaður, Sóley Margeirsdóttir stjórnarkona, Einar Gíslason formaður keppnisnefndar LH, Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri og Hinrik Sigurðsson afreks- og mótastjóri. Auk þeirra sóttu þingið fulltrúar Íslands í nefndum en þau eru Elsa Albertsdóttir og Olil Amble í kynbótanefnd, Herdís Reynisdóttir í menntanefnd, Hulda Gústafsdóttir og Sigurbjörn Bárðarson í sportnefnd og Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir í æskulýðsnefnd. Á þinginu var Atli Már Ingólfsson kjörinn í stjórn FEIF en honum hefur verið falið að leiða „leisure riding“ nefnd FEIF.

Svisslendingurinn Jean-Paul Balz var kjörinn nýr forseti FEIF en Gunnar Sturluson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu eftir 9 ár í embætti og 12 ár í stjórn.

Aðalumræðuefni þingsins voru dýravelferðarmál „Social licence to operate“ og baráttan gegn kynferðislegri áreitni, ofbeldi og einelti. Í kjölfar þingsins var myndaður starfshópur á vegum FEIF sem fjalla á um sáttmála um velferð íslenska hestsins.

Næsta FEIF-þing verður haldið í Luxembourg í byrjun febrúar 2024.

Samstarf Norðurlandanna

Formenn Íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC (Nordic Icelandic Horse Collaboration). Formennirnir hittast reglulega á fjarfundum og hefur það samstarf og samtal verið með ágætum. Í október var góður fundur formanna Norðurlanda þar sem m.a. fjallað var um keppismál og menntun Alþjóðadómara hjá FEIF.

Youth Camp 2023

FEIF Youth Camp eru námsbúðir fyrir þátttakendur á aldrinum 14-17 ára á árinu og var haldið í Ypajä í Finnlandi 14. til 19. júlí.

Markmið þeirra er að kynna krakka frá aðildarlöndum FEIF fyrir hestamenningu annara þjóða, auka skilning á menningarlegum mun okkar í nálgun á hestinum og að hitta ungt fólk með sama áhugamál.



Æskulýðsnefnd LH heldur utan um umsóknir og velur fulltrúa Íslands í búðunum. Upphaflega var Íslandi úthlutað 2 sætum, en sökum mikils áhuga frá ungum íslenskum knöpum var okkur boðið að senda út 10 fulltrúa og höfum við aldrei átt jafnmarga fulltrúa á svona viðburði áður. Þetta er ákaflega gleðilegt og sýnir þá miklu grósku sem er í barna og unglingastarfi hestamannafélaganna.

Félagi ársins

LH-félagi ársins eru hvatningarverðlaun fyrir sjálfbóðaliða og féлага hestamannafélaga sem vinna fórnfúst og óeigingjarnt starf í þágu hestamenskunnar. Eftir tilnefningar frá Hestamannafélögunum var efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli fjögurra öflugra félagsmanna. Niðurstaða þeirrar kosningar mun liggja fyrir eftir formannafund og verður viðkomandi heiðraður á Uppskeruhátíð hestamanna þann 18. nóvember.

Reiðkennari ársins 2022

Sigvaldi Lárus Guðmundsson var valinn reiðkennari ársins eftir netkosningu á vef LH.

Menntanefnd auglýsti eftir tilnefningum frá almenningi um reiðkennara sem hefur gert frábæra hluti sem reiðkennari/þjálfari með nemendum sína, sýnt fram á miklar framfarir hjá nemendum, gert frábæra hluti með börnum, fötluðum eða keppnisknöpum.



Efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli sex tilnefninga og bar Sigvaldi Lárus Guðmundsson sigur úr býtum. Í umsögn um Sigvalda segir: Sigvaldi er yfirkennari hæfileikamótunar LH og hefur hann náð góðum árangri með krökkunum í því verkefni. Hann hefur mikinn metnað og er þekktur sem mjög vandvirkur reiðkennari, hann er jákvæður og mildur en samt staðfastur og hreinskilinn. Hann er með mikla reynslu af framtamningum og keppni og hefur m.a. kennt á Hólum. Sigvaldi kennir á öllum stigum reiðmennskunnar allt frá börnum upp í atvinnumenn.

Reiðvegamáli

Í lok árs skipaði innviðaráðherra starfshóp til að greina þörfina á fjármagni til reiðvegaframkvæmda til lengri tíma og vinna tillögur fyrir samgönguáætlun 2023-2027. Starfshópurinn var skipaður fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafnframt var formaður hópsins, fulltrúa innanríkisráðuneytisins og tveimur fulltrúum LH, Hákonni Hákonarsyni og Berglind Karlsdóttur, auk þess sem Halldór H Halldórsson, fyrrverandi formaður reiðvega- og samgöngunefndar LH, var starfshópnum til ráðgjafar. Samkvæmt skipunarbréfi var starfshópnum ætlað að taka saman upplýsingar um stöðu reiðvegamála hér á landi, vinna kostnaðarmetna tillögu að áætlun í reiðvegmálum til framtíðar sem ætlað er að nýtist m.a. við móttun samgönguáætlunar til næstu 15 ára og forgangsröðun framkvæmda á reiðvegum.

Reiðveganefndum í öllum hestamannafélögum innan LH var falið að gera gróflega áætlun um hverra úrbóta er þörf á hverju svæði fyrir sig, flokkað eftir þéttbýlisleiðum, stofnleiðum og héraðs- og ferðaleiðum.

Niðurstöður hópsins voru að fjárveiting til reiðvega á Íslandi þyrfti að vara 300 milljónir kr. á ári næstu fimm árin, en það er sú upphæð sem starfshópurinn telur að fari langt með að koma reiðvegamáli í viðunandi horf til lengri tíma litið. Gera þarf ráð fyrir auknu fjármagni til viðhalds reiðvegakerfisins, því eftir því sem fleiri nýir reiðvegir eru lagðir stækkar reiðvegakerfið sem halda þarf við. Ljóst er að reiðvegamáli á Íslandi er málaflökkur sem hefur verið vanfjármagnaður til lengri tíma og því er uppsöfnuð þörf fyrir verulega aukna fjárveitingu til að koma þessum málum í sæmilegt horf.

Þrátt niðurstöður starfshópsins er aðeins gert ráð fyrir 100 millj. kr. í reiðvegafé árlega í samgönguáætlun innviðaráðherra sem liggur fyrir Alþingi, en því hefur LH mótmælt harðlega með innsendri umsögn við samgönguáætlun.

Landsmót hestamanna ehf. og Landsmót 2024

Landsmót hestamanna ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda. Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Hákon Hákonarsyni sem er formaður og Ólafi Gunnarssyni f.h. LH, Nanna Jónsdóttir f.h. FHB, varamenn eru Guðni Halldórsson og Eysteinn Leifsson.

Stjórn Hestamannafélagsins Sprettis fór þess á leit við stjórn LM ehf. og stjórn LH að Spretti yrði veitt heimild til að ganga til viðræðna við Hestamannafélagið Fák með það að markmiði að halda Landsmót 2024 sameiginlega á félagssvæði Fáks í Víðidal. Á fundi stjórnar LH dags. 12. maí 2023 var Spretti veitt heimild til að ganga til viðræðna við Fák náðist samkomulag milli félaganna að halda Landsmót 2024 sameiginlega í Víðidal dagana 1. til 7. júlí 2024.

Undirbúningur mótsins gengur vel, framkvæmdir við velli eru í fullum gangi og allt bendir til að mótið verði hið glæsilegasta.

Á vordögum var auglýst eftir umsóknum um að halda landsmót 2028 og 2030. Tvær umsóknir bárust um hvort mót, um 2028 mótið sóttu Fákur og Rangárbakkar, um 2030 mótið sóttu Fákur og Skagirðingar. Verið er að vinna úr umsóknum og stefnt af því að ganga frá bindandi viljayfirlýsingu við mótshaldara fyrir áramót.

Skógarhólar



Skógarhólar

Aðsókn að Skógarhólum var ágæt í júní og júlí en minnkaði talsvert í ágúst.

Rekstur Skógarhóla er í eignarhaldsfélagi í eigu LH, Skógarhólar ehf., og er bókhald félagsins aðskilið frá bókhaldi LH, rétt eins og bókhald LM ehf.

Af framkvæmdum sumarsins ber helst að geta að skipt var um parket í einu herbergi, hurð og gluggi settur á gaflinn í salnum, skipt um útihurðir á forstofuherbergi og salerni og gengið frá þakköntum. Til stendur að koma upp sturtuaðstöðu fyrir næsta sumar.

Sportfengur og Sportabler

Sportfengur

Alls voru haldin 162 mót á Íslandi þar sem Sportfengur var notaður, með 11.064 skráningum alls. Að baki þessum skráningum er um 10-12% félagsmanna innan raða LH.

Tölvunefnd hefur verið að ýta mjög fast á forritara Sportfengs að koma ákveðnum nauðsynlegum umbótum inn í kerfið en því miðar hægt. Það er nokkuð ljóst að erfitt verður að þróa forritið áfram á meðan takmarkaður aðgangur að forriturum RML stýrir því hvað er hægt að gera, og leita verður leiða til að koma forritun í Sportfeng í betri farveg.

LH Kappi er einfalt app í eigu LH sem birtir niðurstöður móta. Það er kostnaðarsamt að halda úti appi og þróa, og því var ákveðið að ganga til samninga við fyrirtækið HorseDay um að birta mótaniðurstöður í HorseDay appinu. Stefnt er á að sú virkni HorseDay komist í gagnið á nýju keppnistímabili. Samhliða því mun LH Kappi enn virka eins og hann hefur gert en ekki verður lagt í vinnu við að þróa Kappa áfram.

Nánar um Sportfeng má lesa í skýrslu tölvunefndar.

Sportabler – félagatal

Félagakerfið Felix hefur nú runnið sitt skeið. Á haustmánuðum 2022 gekk LH frá samning við fyrirtækið Sportabler um að halda utan um félagatal hestamannafélaga þannig að hvert og eitt félag fær aðgang að sportabler fyrir sitt félagatal ásamt aðgagni að skráningarkerfi til að halda utan um námskeiðhald félagsins og netverslun forritsins. Allflest hestamannafélögin hafa tekið Sportabler í gagnið.

Mótahald og keppnismál

Í ágúst 2022 var ráðinn til starfa afreks- og mótastjóri LH. Hlutverk mótastjóra sambandsins er að vera þjónustuaðili við mótshaldara með sérfræðilekkingu á mótahaldi, regluverki og öðru tengdu mótamálum ásamt því að vinna að stefnumótun í málefnum mótahalds í greininni til framtíðar, hafa yfirsýn yfir sviðið og vinna tillögur að endurbótum í hinum ýmsu málum tengdum mótahaldinu.

Leyfður búnaður í keppni

Á FEIF-þingi 2023 voru samþykktar nýjar reglur yfir leyfðan búnað í keppni og kom í stað bannlista sem áður var. Þetta olli töluverðum vangaveltum í mótahaldinu víða um heim og var í nógu að snúast hjá keppnisnefnd og mótastjóra að halda utan um og kynna þær reglubreytingar sem urðu fyrir dómurum, keppendum og mótshöldurum þegar leið að keppnistímabili vorsins.

Úthlutun dómara á mót

Á vormánuðum fékk skrifstofa LH í hendur það verkefni að sjá um úthlutun dómara á öll lögleg mót í íþrótt- og gæðingakeppni eftir að dómarafélögin tvö báðust undan þeirri vinnu sem þau hafa haft á sinni könnu hingað til. Á öllum mótum ársins var dómurum úthlutað út frá þeim umsóknum sem bárust. Úthlutun dómara á mót á árinu gekk nokkuð vel heilt yfir en það var þó töluvert misjafnt á milli móta hversu margir dómarar buðu sig fram til dómsstarfa.

Hjá GDLH voru á árinu 56 dómarar með heimild til þess að taka að sér dómsstörf samkvæmt dómatalista frá félaginu. 32 dómarar gáfu kost á sér til dómsstarfa á löglegum mótum á Íslandi og að auki dæmdu nokkrir dómarar einungis erlendis á árinu og sóttu því ekki um nein mót á Íslandi.

Hjá HÍDÍ eru 106 dómarar gildir til dómsstarfa á árinu 2023 samkvæmt lista frá félaginu. 51 dómari sótti um að dæma mót á árinu og þar eru einnig nokkrir dómarar sem kjósa að sinna ekki dómsstörfum á Íslandi en dæma einungis erlendis.

Mót sem úthlutað var á voru rétt um 50 talsins auk stórmótanna sem dómaranefnd LH sér um að úthluta dómurum, það eru Fjórðungsmót, Íslandsmótin tvö og Áhugamannamót Íslands ásamt Heimsmeistaramóti.

Mótaskrá

Mótaskrá LH fyrir árið 2024 er senn tilbúin og félögin að klára sína dagskrá. Árið 2022 tók sambandið upp það verklag sem haft var við lýði á árum áður að félögin sækja um mótadagsetningar og sambandið aðstoðar við að raða upp mótaskrá ársins.

Fjöldi móta yfir tímabilið er gríðarlegur og oft vandi að raða þeim upp þannig að sem fæstir árekstrar verði og það er einmitt það sem haft var í huga við uppsetningu mótaskrár ársins, að fækka augljósum árekstrum og dreifa mótahaldinu sem best yfir það tímabil sem mótin eru í gangi til þess að geta á sem bestan hátt tryggt mönnun dómara og starfsfólks og fleira.

Verkefnin framundan á mótasviði

Á komandi tímabili eru ýmsar hugmyndir í vinnslu með reynslu fyrra tímabils í farteskinu, og má þá helst nefna að í febrúar verður haldinn stór knapafundur hjá sambandinu (og einnig í streymi) þar sem starfsmaður mótamála og aðrir sérfræðingar honum til halds og trausts munu fara yfir ýmis mál inn í nýtt keppnistímabil. Fara yfir reglubreytingar sem verða á FEIF þingi í byrjun febrúar og ýmislegt til fróðleiks fyrir knapa, dómara, mótshaldara og aðstandendur mótahaldsins og þær leiðir sem til eru til þess að nýta sér þá þekkingu og þjónustu sem til er hjá sambandinu. Haldin verða námskeið fyrir fótaskoðunarmenn og hlaupagæslumenn fyrir keppnistímabilið og eins kvöldkynning fyrir mótshalda um að fylla út mótsskýrslur að loknum mótum. Dagsetningar þessara funda og námskeiða verða auglýst sérstaklega.

Íslandsmót og Áhugamannamót Íslands



Hestmannafélagið Sleipnir hélt glæsilegt Íslandsmót fullorðinna og ungmenna helgina 29. júní til 2. júlí.

Íslandsmót barna og unglinga 2022 var haldið af Hestmannafélaginu Geysi dagana 13. til 16. júlí.

Áhugamannamót Íslands var haldið af Hestmannafélaginu Spretti dagana 21. til 23. júlí. Samhliða mótinu var haldið Áhugamannamót Sprettis fyrir keppni í 2. og 3. flokki.

Frestur til að sækja um að halda Íslandsmótin og Áhugamannamót Íslands 2024 var til 30. september. Mótadagskráin er alla jafna mjög þétt á Landsmótsárum og hefur Íslandsmót á

landsmótsárum stundum orðið aðeins afgangs þegar mótin raðast á helgarnar. Stjórn ákvað að Íslandsmót 2024 verði haldið eftir Norðurlandamót, eða helgina 22. til 25. ágúst. Þetta er tilraun sem vert er að reyna til að gefa mótinu pláss í mótadagskránni í von um að mótið verði sterkara og skemmtilegra. Engin umsókn barst um að halda mótið árið 2024 og er það nú í höndum stjórnar að semja við mótshaldara og finna Íslandsmótinu stað.

Ein umsókn barst um að halda Íslandsmót barna og unglina 2024, frá Hestamannafélaginu Herði, og verður mótið haldið dagana 18. til 21. júlí í Herði.

Uppskeruhátíð hestamanna

Til stóð að halda Uppskeruhátíð hestamanna árið 2022 í Gullhömrum en vegna dræmrar miðasölu var hátíðinni aflýst.

Knapaverðlaun fyrir árið 2022 voru veitt í stuttu hófi þann 11. nóvember 2022.



Við sama tækifæri var Sigurbirni Bárðarsyni veitt heiðursverðlaun LH.

Haldin verður uppskeruhátíð hestamanna 2023 þann 18. nóvember nk. og verða knapaverðlaun og heiðursverðlaun veitt á hátíðinni.

Útbreiðslu- og kynningarmál

Horses of Iceland

Samningur við ríkið um Horses of Iceland var endurnýjaður í lok mars 2022 og gildir samningurinn til ársins 2025. Að samningnum standa Matvælaráðuneytið, Íslandsstofa, LH, Deild hrossabænda í BÍ og FT. Hlutur LH skv. samningnum er kr. 3.000.000 á ári og ráðuneytið kemur með jafn háa upphæð á móti hverju framlagi. Á þessu ári náðist 32ja milljón kr. fjármögnun í verkefnið, þar af eru 6.000.000 kr. vegna framlags LH.

Samkvæmt samningnum er tilgangur verkefnisins „að stuðla að því að styrkja ímynd íslenska hestsins með samhæfðum skilaboðum í markaðsaðgerðum og kynningarstarfi. Um er að ræða sameiginlegt markaðs- og kynningarstarf undir hatti vörumerkisins „Horses of Iceland“ sem nýtist heildarhagsmunum í að byggja upp orðspor íslenska hestsins á heimsvísu“.

Félagsmenn LH hafa ítrekað lýst yfir óánægju með hvers litla áherslu HOI leggur á kynningarmál innanlands og er það umhugsunarvert hvort réttlætanlegt sé að félagsgjöld almennra félagsmanna LH renni í verkefnið. Á landsþingi 2022 var ákveðið að innheimta ekki sérstakan skatt á hestamannfélögin vegna verkefnisins, eins og alla tíð hafði verið gert áður (300 kr. pr. félagsmann). Það var því á þessu ári í höndum stjórnar LH að fjármagna skuldbindingar samningsins.

Stjórn LH hefur sett aukinn kraft og fjármuni í kynningarmál LH og réð til þess starfsmann í 60% starf á vormánuðum. Í ljósi erfiðar rekstrarafkomu sambandsins var ákveðið í september að segja samningnum um HOI upp um áramót, en jafnframt óska eftir áframhaldandi samstarfi með endurskoðaðri fjárhæð sem LH leggur til verkefnisins. Það er verkefni á borði stjórnar að ákveða hver sú fjárhæð verður. Þannig er það ekki vilji stjórnar LH að segja sig frá þessu verkefni en ljóst þykir að LH getur ekki borið verkefnið uppi.

Miðbæjarreið

Í samstarfi við Horses of Iceland stóð LH fyrir miðbæjarreið í byrjun júní. Kom þar saman fríður flokkur hesta og manna en í fylkingarbrjósti riðu Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Guðni Halldórsson formaður LH og Sigurbjörn Bárðarson landsliðsþjálfari.



Riðið var frá BSÍ, upp að Hallgrímskirkju þar sem gerð var stutt áning og nokkur lög tekin, ásamt því sem formaður LH og ráðherra ávörpuðu hópinn. Þaðan var riðið sem leið lá, niður Skólavörðustíginn, Bankastrætið, um Austurstræti og yfir Austurvöll og endað á því að láta spretta úr spori eftir Tjarnargötunni og í gegnum Hljómskálagarðinn. Reiðin um miðbæinn heppnaðist í alla staði vel og vakti lukku þátttakenda og annarra viðstaddra.

Félagshesthús

Útbreiðslunefnd LH hefur unnið að því að uppfæra skýrslu um Félagshesthús og verður hún send á félögin á næstu vikum.

Öryggismál

Skipaður var starfshópur um öryggismál. Viðræður við tryggingafélögin um samstarf og tryggingamálum hestamanna hefur því miður ekki borið árangur.

Nefndin er að skoða þá möguleika að koma slysaskráningarflipa í Kortasjá LH og væru það mikil framfaraskref í slysaskráningarmálum. Nefndin hyggst framleiða stutt myndbönd um öryggi hestamanna og verður fyrsta myndbandið frumflutt á formannafundi en það fjallar um öryggi reiðtygja.

Afreksmál

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti þann 2. nóvember sl. nýja reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ.

Helstu breytingar frá fyrri reglugerð eru að nú er sérsamböndum skipt í tvo flokka Afrekssérsambanda og Verkefnasérsambanda. Afrekssérsamböndum er svo skipt í fimm flokka eftir

besta árangri síðustu fjögurra ára. Ráða svo þessir fimm flokkar miklu um úthlutaðar fjárhæðir til sérsambandanna.

Samhliða þessari breytingu er í gangi vinna á vegum ráðuneytisins þar sem verið er að leggja drög að nýju fyrirkomulagi í afreksmálum í heild sinni. Vonir eru bundnar við að sú vinna skili auknu fjármagni í íþróttahreyfinguna.

Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Hæfileikamótun 2023 fyrir 14 til 17 ára unglinga hófst í nóvember 2022. Auglýst var eftir þátttakendum í öllum landshlutum, 52 unglingar sóttu um og voru 31 unglingar valdir inn í Hæfileikamótun. Þátttakendur komu víð að af landinu, allt frá Hornafirði norður í Eyjafjörð.

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að fylgjast betur með efnilegum ungum krökkum og hestakosti þeirra um allt land og um leið þróa og auka samfellu milli afrekshópa LH.

Starfið samanstóð af þremur kennsluhelgum og einum degi úti á velli ásamt lokahitting. Einnig var boðið var upp á fyrirlestra.

Landsliðshópar LH

A-landsliðshóp LH árið 2023 skipa 17 knapar alls, 5 konur og 12 karlar.

U21-landsliðshópin 2023 skipa 16 knapar alls, 7 strákar og 9 stelpur.

Menntadagur landsliðsins – Leiðin að gullinu



Menntadagur landsliðsins var haldinn í desember. Þar buðu A-landsliðsknappar upp á sýnikennslu allan daginn þar sem farið var yfir öll stig þjálfunar, allt frá byrjun þjálfunar upp í efsta stig reiðmennskunnar. Góður rómur var gerður af sýningunni og stefnt er á að endurtaka leikinn í desember nk.

Allra sterkustu – leiðin að gullinu

Fjáröflunarsýning landsliðsins, Allra sterkustu, var haldið í byrjun maí. Sýningin var glæsileg í alla staði en aðsókn áhorfenda hefði mátt vera meiri, ljóst er að endurhugsa þarf fyrirkomulagið á viðburðinum því framboð af stórkostlegum sýningum og hestaviðburðum á vormánuðum er mikið.

Heimsmeistaramót



Heimsmeistaramót íslenska hestsins 2023 var haldið í Oirschot í Hollandi 8. til 13. ágúst.

Ísland sendi alls 9 knapa í flokki fullorðinna og 5 knapa í ungmennaflokki. Á ýmsu gekk í aðdraganda mótsins þar sem taka þurfti ákvörðun um að vísa titilhafa úr liðinu vegna ítrekaðra agabrota. Þeir knapar sem valdir voru og áttu sæti í liðinu mynduðu góða liðsheild og var eftir því tekið hversu góður liðsandi og samheldni skapaðist hjá íslenska liðinu á mótinu.



Árangur íslenska liðsins var með þeim besta sem náðst hefur á HM frá upphafi. Niðurstaðan var fimm gullverðlaun og tvö silfur í flokki fullorðinna, og í ungmennaflokki 6 gullverðlaun og 1 silfur.



Á haustdögum var gengið frá endurnýjun samninga við landsliðsþjálfarana okkar fram yfir HM 2025. Í býgerð er samstarfssamningur landsliðsnefndar við Háskólann á Hólum.

Nýtt regluverk LH



Á landsþingi 2022 voru samþykktar umfangsmiklar breytingar á uppsetningu regluverks LH. Ólafur Haraldsson formaður laganefndar og nú úrskurðar- og aganefndar bar hitann og þungan af þeirri miklu vinnu sem lögð var í verkið. Gréta V. Guðmundsdóttir tók að sér að hann útlitið á skjölin. Nýr reglupakki var birtur þann 1. apríl sl.

Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða

Útbreiðslunefnd tók saman upplýsingar um hvaða styrkir standa til boða hverju hestamannafélagi fyrir sig. Allir formenn hestamannfélaga fengu sendar upplýsingar um mögulega styrki í þeirra héraði, hver umsóknarfresturinn er og hvað þurfi að hafa í huga þegar sótt er um styrki. Þetta er gott verkfæri fyrir félögin til að nýta fyrir einstök verkefni og framkæmdir.

Agamál og lögfræðikostnaður

Nokkur mál komu inn á borð Aganefndar LH á árinu og felldi úrskurði um keppnisbann og gaf áminningar. Nánar um agamál má lesa í skýrslu aganefndar.

Landsliðsnefnd vísaði knapa úr landsliðinu vegna ítrekaðra agabrota. Lögfræðingur á vegum knapans sendi LH erindi vegna málsins, þeim var svarað og hófu þá lögmaður knapans og annar aðili sem sagðist gegna stöðu talsmanns knapans að senda ítrekað pósta, skilaboð, og að hringja í stjórnarmenn, þjálfara, landsliðnefndarfólk og starfsfólk LH á öllum tímum sólarhrings. Skilaboðin innihéldu meðal annars undirliggjandi hótanir í garð fyrrgreindra aðila og var því tekin sú ákvörðun að fela lögmanni að gæta hagsmuna LH í málinu.

Knapi sem var vísað úr landsliðinu fyrir tveimur árum óskaði eftir því að verða tekinn inn í landsliðið að nýju en þeirri beiðni var hafnað. Hann kærði niðurstöðuna til dómstóls ÍSÍ sem vísaði málinu frá í upphafi, en knapinn áfrýjaði málinu og var niðurstaðan sú að málið yrði tekið til efnismeðferðar hjá dómstólnum. Enn er ekki vitað hvenær það mál verði tekið fyrir að nýju. LH þurfti að leita liðsinnis lögmanns í því máli með tilheyrandi kostnaði.

Lokaorð formanns

Landsþing 2024 verður haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 25.-26. október. Við hlökkum til að sjá ykkur þar.

F.h. stjórnar LH vil ég þakka fyrir góð og hreinskiptin samskipti á undanförunum misserum. Við getum verið stolt af sambandinu okkar og við getum borði höfuðið hátt. Það hefur margt áunnist þó að enn sé af nógu að taka og verkefni fram undan mörg, krefjandi og spennandi.

Ég vil þakka frábærri og samheldinni stjórn fyrir sitt framlag í þágu okkar hestafólks. Öllu nefndarfólki, en í nefndum sambandsins starfar mikill fjöldi fólks og leggur þar fram óeigingjarnt starf í þágu okkar allra. Starfsfólk LH eru klettarnir sem halda starfinu gangandi og tel ég á engan hallað þó að ég leyfi mér að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafi skrifstofa LH verið mönnuð jafn frábæru, duglegu og kláru starfsfólki. Þá erum við einstaklega heppin með það fólk sem valist hefur til starfa fyrir landsliðin okkar, eins og árangur þeirra vitnar um. Ykkur formönnum og forsvarmönnum hestamannafélaganna vil ég einnig þakka fyrir góð og hreinskilin samskipti sem vonandi er hægt að efla enn frekar. Stórt samband eins og LH getur ekki vaxið og dafnað nema þeir sem innan þess starfa séu boðnir og búnir til að leggja sitt af mörkum og tilbúnir til að nálgast verkefnið með jákvæðum og uppbyggjandi hætti. Við hestafólk erum heppin með að það hefur okkur tekist. Í krafti samtakamáttarins eigum við eftir að byggja ofan á það góða starf sem unnið hefur verið og ná enn betri árangri á næstu árum!